



STARFSENDURHÆFING  
NORÐURLANDS

# Ársskýrsla

Starfsárið 2006 til júní 2007



## Efnisyfirlit

Inngangur .....	3
Um starfsendurhæfingu Norðurlands.....	4
Hlutverk .....	4
Markmið .....	4
Ferli endurhæfingarinnar.....	4
Þjónustusamningur.....	5
Samstarfsaðilar .....	5
Starfsemin .....	5
Veitt þjónusta við þátttakendur .....	5
Tilvísanir til SN .....	6
Fjöldi þátttakenda í endurhæfingu hjá SN .....	6
Kynjaskipting þátttakenda .....	6
Menntun þátttakenda .....	7
Staða þátttakenda sem útskrifuðust í vor á Akureyri. ....	7
Leonardó verkefni.....	7
Kynningastarf.....	8
Lokaorð .....	8

## Inngangur

Ársskýrsla Starfsendurhæfingar Norðurlands mun varpa ljósi á það starf sem fram hefur farið fyrsta starfsárið.

Starfsendurhæfing Norðurlands (SN) var stofnuð 9. febrúar 2006 og er tímabilið sem um er fjallað frá stofnun til dagsins í dag. SN er sjálfseignarstofnun og lögðu KEA og Vaxtarsamningur Eyjafjarðarsvæðis fram stofnféð 1. milljón krónur.

Stofnaðilar að Starfsendurhæfingu Norðurlands eru:

Akureyrarbær, Félags- og skólaþjónusta Þingeyinga, FSA, Framhaldsskólinn á Húsavík, Heilbrigðisstofnun Þingeyinga, KEA, Lífeyrissjóður Norðurlands, Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar (SÍMEY), Svæðisvinnumiðlun N.e. og Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar v/Vaxtarsamnings Eyjafjarðarsvæðis.

Stjórn Starfsendurhæfingar Norðurlands er skipuð fulltrúum frá stofnaðilum SN. Þeir eru Soffía Gísladóttir, fulltrúi SÍMEY formaður, Guðrún Sigurðardóttir, fulltrúi Akureyrarbæjar varaformaður og ritari. Meðstjórnendur eru: Guðmundur B. Guðmundsson, fulltrúi Lífeyrissjóðs Norðurlands, Friðfinnur Hermannsson, fulltrúi Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga og Ingvar Þóroddsson, fulltrúi FSA.

Varamenn eru: Helena Karlsdóttir, fulltrúi Svæðisvinnumiðlunar Norðurlands eystra fyrir SÍMEY, fulltrúi Akureyrarbæjar er Margrét Guðjónsdóttir fulltrúi HAK, Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir, fulltrúi KEA fyrir Lífeyrissjóð Norðurlands, Guðmundur Birkir Þorkelsson, fulltrúi FSH fyrir Heilbrigðisstofnun Þingeyinga og R. Linda Skúladóttir, fulltrúi FSP fyrir FSA.

Frá stofnun félagsins hafa verið haldnir 12 stjórnarfundir.

Formleg opnun SN var 9. febrúar 2007 eða ári eftir stofnfund.

Starfsmaður SN er Geirlaug G. Björnsdóttir sem gegnir starfi framkvæmdarstjóra.

## Um starfsendurhæfingu Norðurlands.

Starfsendurhæfing Norðurlands (SN) var stofnuð 9. febrúar 2006.

En áður hafði starfsendurhæfingin verið starfrækt undir merkjum Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga, Félags- og skólaþjónustu Þingeyinga og Framhaldsskólans á Húsavík í fjögur ár.

Forsaga SN er sú að á Húsavík fór af stað árið 2002 undirbúningur tilraunaverkefnis sem miðaði að því að mæta þeirri miklu þörf sem upp var komin þar sem mikil fjölgun öryrkja var á þessu svæði.

Verkefnið fékk vinnuheimtið BYR starfsendurhæfing. Haustið 2003 hófu 16 þátttakendur endurhæfingu.


Árið 2005 hófst vinna við yfirfærslu verkefnisins á Eyjafjarðarsvæðið í samvinnu við Heilsuklasa Vaxtarsamnings Eyjafjarðarsvæðis.

**Hlutverk** SN er að veita starfsendurhæfingu þeim einstaklingum sem vegna veikinda, slysa og félagslegra erfiðleika eru að vinna að endurkomu út á vinnumarkaðinn.

**Markmið** SN er að veita viðskiptavinum sínum ráðgjöf og stuðning á heildstæðan hátt á meðan á endurhæfingu stendur. Unnið er með alla þá þætti sem hver og einn þátttakandi metur í samráði við ráðgjafa SN að hann þurfi á að halda til að hann komast aftur út á vinnumarkaðinn. Hugmyndarfæðin gengur út á það að þátttakandinn kemur með virkum hætti að sinni endurhæfingu strax í upphafi og byrjar þ.a.l. strax að axla ábyrgð á sinni endurhæfingu. Hlutverk SN er að útvega þá þjónustu sem hann þarf. Um er að ræða námstengda endurhæfingu en þátttakendur stunda nám á framhaldsskólastigi ýmist frá VMA eða Framhaldsskólanum á Húsavík. Auk þess er boðið upp á, fjármálaráðgjöf, sálfræðistuðning, hópefli / sjálfsstyrkingu og líkamsþjálfun. Öll endurhæfingin miðar að því að einstaklingurinn fari í vinnu eða í nám að endurhæfingu lokinni.

Viðskiptavinir starfsendurhæfingarinnar eru einstaklingar sem eru á örorku/ endurhæfingarlífeyri hjá TR og lífeyrissjóðum, fólk sem er á bótum hjá Svæðisvinnumiðlun eða sveitarfélagi.

### Ferli endurhæfingarinnar



Ferlið er frá 3. mánuðum – 3ja ára

Tilvísun berst frá tilvísunaraðila og fer þá fram viðtal og frekari greining á stöðu einstaklingsins.

Endurhæfingaráætlun er síðan gerð í samvinnu við einstaklinginn. Endurhæfingin byrjar í undirbúningsþrógrammi sem varir í 4-6 mánuði. Þar er unnið með persónuleg markmið og hópefli auk þess sem unnið er með fjármál sé þörf á því. Bodið er uppá líkamsþjálfun og er hún undir handleiðslu sjúkraþjálfara. Hópeflistímar skipa stóran sess í undirbúningsvinnunni sem hefur mikla þýðingu fyrir þá vinnu sem koma skal.

Því næst hefst námstengd endurhæfing sem er í tvær annir eða 10 mánuði. Eftirfylgd er síðan veitt eftir þörfum í allt að þrjú ár.

**Þjónustusamningur** var gerður við Heilbrigðisráðuneytið / Tryggingastofnun ríkisins um endurhæfingu á 21 einstaklingi á ári til þriggja ára. Einnig var gerður þjónustusamningur við TR um Matsteymi sem hefur það hlutverk að meta umsóknir einstaklinga um örorku eða endurhæfingarlífeyri. Tilvísanir til þessa matsteymis koma eingöngu frá TR. Tvær tilvísanir bárust til Matsteymisins á starfsárinu.

**Samstarfsaðilar** eru stofnaðilar SN og starfsmenn þeirra s.s lækna heilsugæslustöðva og FSA, ráðgjafar Félagsþjónustu, Fjölskylduseildar og Svæðisvinnumiðlunar. Vaxtarsamningur Eyjafjarðar og Lífeyrissjóður Norðurlands.

Verktakar þeir sem unnið hafa fyrir SN eru:

- ❖ Símei skipulagði og hélt utan um námslega þátt endurhæfingarinnar á Akureyri í samvinnu við VMA.
- ❖ Framhaldsskólinn á Húsavík sá um námslega hluta endurhæfingarinnar á Húsavík.
- ❖ Menntasmiðja Akureyrar sinnti undirbúningsvinnunni, þar hefur verið bodið upp á handverk í samvinnu við Punktinn, hópefli og íslensku.
- ❖ Punkturinn, en þangað sóttu þátttakendur handverksnámskeið.
- ❖ Efling sjúkraþjálfun, sjúkraþjálfararnir Þorleifur Stefánsson og Einar Einarsson.
- ❖ Sjúkraþjálfun Húsavíkur, Sveinbjörn Sigurðsson sjúkraþjálfari.
- ❖ Ótroðnar slóðir sálfræðiþjónusta, Ingbór Bjarnason sálfræðingur.
- ❖ Ingibjörg Sigurjónsdóttir sálfræðingur.
- ❖ Baldur Gylfason sálfræðingur.
- ❖ Halldór Guðmundsson félagsráðgjafi hefur handleitt og kennt starfsmanni SN að nota matslista Achenbach til þess að meta árangur endurhæfingarinnar.
- ❖ Elsa Þorvaldsdóttir hélt utan um hópeflistíma á Húsavík.

## Starfsemin

Hér á eftir verður starfseminni og framvindu endurhæfingarinnar lýst í stórum dráttum.

### Veitt þjónusta við þátttakendur

Þátttakendur hafa mætt í hópefli, sálfræðiviðtöl, líkamsþjálfun og fjórir þátttakendur fóru í lesgreiningu. Einnig hafa þátttakendur nýtt sér félagsráðgjöf frá Fjölskyldudeild Akureyrarbæjar og Félags- og skólaþjónustu Þingeyinga. Þátttakendur mæta reglulega í stuðningsviðtöl til starfsmanns SN. Allir þátttakendur fylla út Achenbach matslista sem hjálpar til að meta stöðuna og auðveldar markmiðssetningu og endurmat endurhæfingaráætlunar. Halldór Guðmundsson félagsráðgjafi hefur veitt handleiðslu í notkun og túlkun matsins.

## Tilvísanir til SN

	<b>Haust 06</b>	<b>Vor 07</b>	<b>Haust 07</b>
<b>Húsavík</b>	10	0	6
<b>Akureyri</b>	26	35	26
<b>Samtals</b>	<b>36</b>	<b>35</b>	<b>32</b>

Tilvísanir til SN eru nú orðnar 103 frá upphafi, þar af eru 32 sem eru á biðlista. Tilvísunaraðilar eru sérfræðingar þeirra stofnana sem standa að SN s.s. læknar, félagsráðgjafar, ráðgjafar svæðisvinnumiðlunar og lífeyrissjóða.


## Fjöldi þátttakenda í endurhæfingu hjá SN

	<b>Haust 06</b>	<b>Vor 07</b>
<b>Húsavík undirbúningshópur</b>	10	
<b>Húsavík nám</b>		10
<b>Akureyri undirbúningshópur</b>		19
<b>Akureyri nám</b>	16	15
<b>Samtals</b>	<b>26</b>	<b>44</b>

Fyrstu tveir hópar Starfsendurhæfingar Norðurlands hófu þátttöku síðastliðið haust. Annar hópurinn á Akureyri, 16 þátttakendur, sem fóru strax inn í endurhæfingu án undirbúnings og hinn á Húsavík sem var undirbúningshópur, 10 þátttakendur. Hópurinn á Húsavík hóf námslega hlutann í janúar og munu þau þ.a.l. ekki útskrifast fyrr en um vor 2008. Þriðji hópurinn hóf síðan þátttöku í undirbúningshluta á Akureyri í janúar 2007. Það eru 19 þátttakendur sem Menntasmiðja Akureyrar hefur haldið utan um. Þessi hópur mun síðan hefja námslega hlutann nú í haust 2007.


Alls hafa því veri 45 þátttakendur hjá SN síðastliðið starfsár auk þess sem SN hefur veitt eftirfylgd hópum sem voru í BYR á Húsavík síðastliðin tvö ár. Eru það 18 þátttakendur og 6 manna hópur þátttakenda frá Þórshöfn, Raufarhöfn og Kópaskeri.

## Kynjaskipting þátttakenda




Af 45 þátttakendum eru 34 konur og 11 karlar.

## Menntun þátttakenda



Þegar litið er á menntun þátttakenda eru 42 sem hafa lokið grunnskólaprófi, 2 sérnámi og einn iðnnámi.

## Staða þátttakenda sem útskrifuðust í vor á Akureyri.



Þegar litið er á stöðu þátttakenda sem luku fyrsta ári endurhæfingarinnar í vor hafa 10 skráð sig í nám í haust. Tveir eru í atvinnuleit og stefna í vinnu í haust. Þrír eru í vinnu og einn þeirra hefur stofnað eigin atvinnurekstur og hefur atvinnu af því. Einn hætti endurhæfingu.

Hópurinn sem hóf þátttöku á Húsavík mun ekki ljúka sinni endurhæfingu fyrr en að vori 2008. Afdrif þátttakenda í þeim hópi eru þau að 6 þeirra sem hófu endurhæfingu munu halda áfram í námi við Framhaldsskólann á Húsavík í haust. Þrír hafa tekið sér hlé vegna veikinda og einn er látinn.

## Leonardó verkefni

BYR starfsendurhæfing hóf þátttöku í Evrópuverkefni Leonardó árið 2004 sem er verkefni til þriggja ára. Samstarfslönd eru; Ítalía, Holland, Litháen og Slóvenía. Settar hafa verið upp samskonar starfsstöðvar og SN er með á Húsavík og Akureyri í þessum löndum. SN tók yfir þetta verkefni af BYR. Nú í haust er verkefninu að ljúka. Soffía Gísladóttir hefur séð um og stýrt þeirri vinnu. SN hefur nú sótt um yfirfærsluverkefni og hyggst setja upp samskonar starfsstöðvar í Hafnarfirði, Lettlandi og Finnlandi.

## Kynningastarf

Starf SN hefur vakið mikla athygli og hefur starfsmaður SN haldið kynningar víða um land. Þessar kynningar hafa orðið til þess að aðilar á landsbyggðinni hafa hafið undirbúningsstarf í anda SN og er ætlunin að fara af stað með a.m.k. eina starfsstöð sem byggir á hugmyndafræði SN á Austurlandi í ársbyrjun 2008. Starfsmaður SN hefur tekið að sér að handleiða þetta starf fyrstu skrefin.

## Lokaorð

Fyrsta starfsár SN einkenndist af þróunarstarfi, ferðalögum til Húsavíkur, Raufarhafnar og Kópaskers og af því að byggja upp tengslanet samstarfsaðila. Einnig hefur stór hluti farið í kynningarstaf og fjármögnun verkefnisins.

Þegar á heildina er litið þá er ekki hægt að segja annað en að árangur starfsins hafi farið fram úr björtustu vonum. Þörfin fyrir starfsendurhæfinu sem þessa er mikil eins og fjöldi fólks á biðlista sýnir. Nú bíða 32 einstaklingar eftir þátttöku sem er sérstaklega bagalegt því eftir því sem fólk er lengur heima án virkni minnka líkur á endurkomu á vinnumarkaðinn.

Það er framtíðarsýn SN að slíkar starfsstöðvar verði settar upp sem víðast á landsbyggðinni.

Geirlaug G. Björnsdóttir

Framkvæmdarstjóri SN